



Pési

Næsti Pési kemur út
12.nóv. 2015. Efni þarf
að berast í síðasta lagi
8.nóv 2015.



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Opið:

Mánudaga Kl. 20-21
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18
Fimmtudaga Kl. 16-18.



Vinsamlegast athugið!

Bókasafnið er **lokað** frá og með miðvikud. 14. okt.
til og með mánud. 19. okt.

Alltaf hægt að skila safngögnum í skilalúguna ☺

Lestrarstund er gæðastund ☺

Bókasafn Hrunamanna
Félagsheimilinu
Sími: 480 6628
Netfang: bokasafn@fludir.is
Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>




Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími:

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00
Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi:

Mánudaga—fimmtudaga: 16:00-21:30
Föstudaga: 13:00-18:00
Opið um helgar ef mót eru í gangi.



Sveitarstjórapistill

Októbermánuður er víst kominn á sinn stað. Þó það ætti nú að vera farið að stytast í veturinn þá er þetta blessaða veðurfar dálítið þannig að það minnir á eilíft haust. Hins vegar hefur það spillt gleðinni að veðráttan hefur á köflum minnt á „sturtuveður“. Það hefur valdið vandræðum, sérstaklega varðandi þá sem eru í kornrækt og þá er færð farin að spillast í gördum í útiræktinni. Gárungar halda því fram að næsta tækni við að taka upp gulrætur sé að fara að nota haugsugur. Hver veit. Á vettvangi sveitarstjórnamála eru þessar vikur annasamasti tími ársins og er reyndar alveg undirlagður í ýmsum fundum og ráðstefnum. Þetta er fylgifyskur þess að verið er að undirbúa fjárhagsáætlun fyrir næstu 4 ár og eins og venjulega eru ýmsar blikur á lofti. Enn og aftur er óljóst hvenær breytingar verða á úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en Hrunamannahreppur er nokkuð háður framlögum sjóðsins, þó minna síðustu ár. Þetta mál er alltaf viðkvæmt í sveitarstjórnarpólitíkinni því að í breytingum getur falist að einhverjir fái minna en áður. Við bíðum spennt eftir niðurstöðu hvað varðar okkur.

Nú er fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2016 að fæðast og vinna við hana komin vel á veg. Um næstu mánaðarmót kemur betur í ljós hvernig þetta lítur út hjá okkur en þó er ljóst að nýir og væntanlegir kjarasamningar munu taka í rekstur sveitarfélagsins. Það er einnig ljóst að skynsamlegast er að fjárfestingar ársins 2016 verði án lántöku. Fjárfesting ársins 2015 er mikil að vöxtum og að stórum hluta fjármögnuð með lántöku. Við verðum að gæta okkar að ganga ekki of langt í þá átt. Nú er íþróttahúsið komið í fulla virkni og þó ákveðnar innansleikjur séu eftir þá er vetrarstarfið hafið af fullum krafti. UMFH hefur sett upp metnaðarfulla æfingatöflu og með þeim möguleika að tvískipta húsinu verða miklu fleiri tímar lausir fyrir almenning og annað sem kann að koma upp. Nýmæli eru að nú er boðið upp á svokallaða fjölskyldutíma á föstudögum þar sem fjölskyldan getur mætt saman. Sveitarfélagið hefur samþykkt nýja gjaldskrá fyrir húsið og tekið upp hófsama gjaldtöku fyrir tíma sem ekki eru á vegum UMFH og er gert ráð fyrir að fólk greiði sama gjald og fyrir sundmiða og hægt að nota sömu miðana í sund, íþróttasal og tækjasal.

Þá var einnig skoðuð gjaldskrá sundlaugarinnar þar sem gjald vegna stakra tíma var hækkað nokkuð, kort fyrir fullorðna hækkuð minna og óbreytt verð er fyrir barnakort. Vonandi er það til þess fallið að hvetja fólk til að fara með börnin í sund því sundlaugin okkur, þó gömul sé, er tilvalinn leikvangur fyrir unga sem aldna. Eina breytingu gerðum við þó á opnunartíma sundlaugarinnar þannig að opnunartími um helgar verður frá 13-18 í stað 12-18. Er þetta gert í því skyni að reyna að draga úr áhrifum mikilla launahækkana síðustu tvö árin. Við þrjúskumst samt við, ein sveitarfélagi í Uppsveitum, að hafa sundlaugin opna alla daga vikunnar þó við þurfum að greiða verulegar fjárhæðir með rekstrinum.

Nú hefur Tómas Þórir lokið störfum sem hirðingaraðili fyrir sorp í sveitarfélaginu og vil ég þakka honum fyrir góð störf í gegnum árin og skemmtileg samskipti. Hann mun áfram sjá um gámasvæðið á Flúðum og sinna fleiri atriðum vegna þess. Við bjóðum Íslenska Gámafélagið (ÍG) velkomid til starfa og hlökkum til að vinna með þeim. Við þessi skipti verða eins og gefur að skilja nokkrar breytingar, en vonandi tekst vel til. t.d. höfum við tekið til okkar þá gáma sem lánaðir hafa verið án endurgjalds til að safna saman rúlluplasti á bæjum. Vegna samkeppnissjónarmiða verðum við að láta af þeim sið en við munum taka upp gjaldskrá vegna leigu á þeim gámum ef bændur vilja frekar leigja gáma af okkur heldur en öðrum. Bið ég bændur að vera í sambandi við mig um þetta.

ÍG er í samvinnu við sveitarfélagið að vinna að kynningarefni um sorphirðu og úrgangsmál sem dreift verður á öll heimili í sveitarfélaginu og gert verður aðgengilegt á netinu. Sorphirðudagatal er á lokasprettinum og þá mun ÍG heimsækja a.m.k. dreifbýlið til að fara yfir hin ýmsu úrgangsmál. Vonandi tekst þetta allt vel og við getum þróað úrgangsmálin enn frekar því við viljum flokka meira og urða minna.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að gera átak í skilta eða merkingarmálum í sveitarfélaginu og er það mál í vinnslu. Samþykkt hefur verið að ef eigendur húsa vilja fá skilti við heimreiðar þá muni sveitarfélagið greiða kostnað við skiltin en Vegagerðin mun setja þau niður. Bið ég áhugasama að vera í sambandi við mig um þetta.

Það er gaman að skoða grunninn niður við Límtré Vírnet en þar er þetta heljarhús að verða að veruleika. Það er rífandi gangur í þessu verki og ef áætlanir ganga eftir, er gert ráð fyrir að búið verði að koma steinullarsamstæðunni í húsið í lok febrúar á næsta ári. Það eru fleiri grunnar sem verið er að reisa þó á öðru sviði sé, en sveitarfélagið er þátttakandi í læsisátaki á landsvísu. Vonandi ber það árangur því þessi lestrarmál hafa ekki þróast með heppilegum hætti og sérstaklega hjá okkur drengjum.

Fleiri framkvæmdum er að ljúka og núna sér fyrir endann á því að allar íbúðagötur á Flúðum sem eru á vegum sveitarfélagsins séu með bundnu slitlagi. Það er mikill munur að fara um Högnastíginn og Vesturbrúnina núna og ég vona að íbúar séu ánægðir með þessa framkvæmd. Hins vegar eru mörg viðhaldsverkefni á öðrum eldri götum nauðsynlegar en það er nú önnur saga.

Nú þegar hausta tekur og tré fella lauf vil ég hvetja íbúa og atvinnurekendur til að klippa tré og runna við vegi og götur við sínar eignir. Á þetta bæði við þéttbýli og dreifbýli en það þarf alltaf að halda vöku sinni til að skapa gott aðgengi fyrir vegfarendur, ég tala nú ekki um stóra bíla.

Annað sem ég vil vekja athygli á er að hvetja foreldra og aðstandendur að taka þátt í leik og starfi barna sinna. Hvorki skólinn, íþróttahreyfingin eða aðrir tómstundahópar geta séð um allt það sem kemur að uppeldi barnanna eða nauðsynlegan stuðning og hvatningu. Verum virkir þátttakendur með börnunum okkar. Að lokum vil ég hvetja öikumenn til varkárni í akstri við grunn- og leikskóla. Það hefur borið á hraðakstri í gegnum Flúðir á veginum yfir Litlu-Laxárbrúna en eins og reynslan sýnir gera slysin ekki boð á undan sér.

Við skulum öll reyna að hafa hemil á bensínfætinum á þessum slóðum. Höfum það gott og njótum hins langa hausts saman.

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

Auglýsing frá hjónaballsnefnd 2016

Við óskum eftir áhugasömum og metnaðarfullum sælkerum til að sjá um matinn á Hjónaballi Hrunamanna sem haldið verður í Félagsheimilinu á Flúðum 5. mars 2016.

Um er að ræða matseld og framsetningu ásamt öllu öðru sem tilheyrir veislumat fyrir um 300 manns.

Áhugasömum aðilum er bent á að hafa samband í gegnum netfangið martaest@simnet.is eða hringja í Mörtu í síma 8996412 fyrir 1. desember 2015. Hjónaballsnefndin ☺



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktafi

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Stofnaður hefur verið styrktarreikningur
fyrir systkinin á Reykjaflöt.

0586-14-405000 kt: 150488-2819




Tímabundin kennsla við Flúðaskóla

Flúðaskóli auglýsir eftir enskukennara í 50 % starf í 6 vikur frá og með 19. október 2015. Um er að ræða 10 kennslustundir í ensku á yngsta – og miðstigi og 3 kennslustundir stuðningskennsla. Nánari upplýsingar veitir Guðrún Pétursdóttir skólastjóri í síma 480 6610 eða í tölvupósti

gudrunp@fludaskoli.is

Óskum eftir húsgögnum, húsbúnaði og bókum til ættleiðingar

Starfsfólk og nemendur Flúðaskóla vinna að því að gera aðstöðu nemenda hlýlegri. Því leitum við til ykkar hvort þið eigið eitthvað af eftirtöldu í ykkar förum sem þið getið séð af í verkefnið: tveggja sæta sófa, lágar bókahillur, barna- og unglingabækur, standlampa og borðlampa.



Leikhúsferð og haustfundur

Kæru kvenfélagskonur nú gerum við okkur glaðan dag. Við ætlum að fara og sjá leiksýningu hjá Leikfélagi Mosfellssveitar sem heitir **Mæður Íslands** en það er nýtt íslenskt leikverk þar sem sagan er sögð frá sjónarhorni konunnar.

Við förum **sunnudaginn 1.nóv**. Leggjum að stað frá **Flúðum kl 16**.

Í Álafoskaffi, Mosfellsbæ fáum við súpu og brauð fyrir um það bil 2000kr .

Leiksýningin byrjar kl 20

Leikhúsmiðinn og bílferðin er í boði kvenfélagsins.

Nú er tækifærið til að nýta þetta góða boð .

Þátttaka tilkynnist fyrir 25.október til:

Lára s.7751662

Ingibjörg: 8628315

Ásta: 8987926

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax
á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta Grímsnesið,

Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr.
Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.

Með Kv. TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Hand-
snyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokun.

Tímappantanir í Síma 856-1599



Upplit

Menningarklassi uppsveita Árnessyslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir



RAFMAGNSVERKSTÆÐI JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR!
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SKJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Íbúð til leigu.

Íbúð fyrir eldri borgara í Heimalandi er laus til leigu.
Áhugasamir geta skilað inn umsóknum á skrifstofu
Hrunamannahrepps fyrir 30. október nk.





Hrunamannahreppur

Útboð

Hrunamannahreppur óskar eftir tilboðum í verkið

Hvammsvegur

Verkið felur í sér vegagerð að Hvammi á Flúðum auk reiðstígs meðfram vegi.

Helstu verkþættir eru:

Skeringar	2500 m3
Neðra burðarlag	3200 m3
Efra burðarlag	700 m3
Tvöföld klæðning	4500 m2
Frágangur á fláum	5000 m2

Útboðsgögn er hægt að fá rafrænt frá og með 13.október 2015 hjá Tæknisviði Upp-
sveita með því að senda tölvupóst á david@gogg.is

Opnun tilboða verður þriðjudaginn 27. október 2015 kl. 11:00 á skrifstofu Hrunamannahrepps.

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **432-2770.**

Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000

Uppbyggingarsjóður Suðurlands

auglýsir eftir umsóknum.

Sjóðurinn hefur það hlutverk að veita verkefnastyrki á svið nýsköpunar, menningar og atvinnuþróunar á Suðurlandi.

Umsóknarfrestur er til og með 5. nóvember nk.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Hrunamannahrepps. www.fludir.is

Batasetur Suðurlands, virknimiðstöð fyrir einstaklinga með geðröskun hóf starfsemi í september sl. Skemmst er frá því að segja að það fer vel af stað og mikil ánægja með þetta verkefni. Í Batasetrinu hittist fólk með geðraskanir, talar um líðan sína og fær ráð hjá hver öðrum um hvað virkar hjá þeim. En einnig er unnið með valdeflingu þ.e. að fá völdin aftur í sínar hendur eftir að hafa þurft að láta þau af hendi í veikindum, bati er annað hugtak sem unnið er með þar sem rætt er að það megi ná bata af geðröskun, en hver gerir það á sinn hátt, oftast skilgreinir hver og einn sinn bata mismunandi og það getur verið með því að halda jafnvægi í daglegu lífi til þess að þurfa ekki lyf að staðaldri til að viðhalda þessu jafnvægi á meðan aðrir þurfa lyf til þess. Öll vinna fer fram á jafningjagrundvelli, þ.e. það er enginn sem er öðrum æðri og allir hafa jafnan rétt til að tjá sig um það sem þeir vilja. Allt sem fólk segir í Batasetrinu er undir trúnaði.

Batasetur er opið alla föstudaga frá 9:00-16:00 og er með aðstandendafundi annan hvern mánudag og verður sá fyrsti þann 12. október n.k. kl 20:00 allir sem telja sig eiga erindi í annan hvern þessara hópa, eða báða eru hjartanlega velkomnir. Við erum til húsa að Skólavöllum 1 á Selfossi (á horni Skólavalla og Bankavegar) Hafa má samband ef frekari upplýsinga er þörf á netfangið batasetrid@gmail.com og á facebooksíðu Batasetursins: <https://www.facebook.com/Batasetur>.

Hlakka til að sjá ykkur

Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir

Forstöðumaður Bataseturs Suðurlands og iðjuþjálfari.

Tré ársins 2015

Í uppskerumessunni þann 5. sept síðastliðinn var viðurkenning fyrir Tré ársins afhent, en tré ársins er sitkagreni sem stendur í landi afkomenda Jóhönnu Hróbjartsdóttur frá Grafabakka og Bjarna Grímssonar.

Árið 1948 voru keypt nokkur tré á Tumastöðum sem sett voru niður við

bústaðinn af Hróbjarti Bjarnasyni, og er þetta eitt af þeim.

Tveir af afkomendum þeirra Jóhönnu og Bjarna, Ólafur Thoroddsen og Thelma Grímsdóttir tóku við útskornum tréskyldi gerðan af hagleikskonunni Helgu Magnúsdóttur í Bryðjuholti Skógræktarfélag Hrunamanna





Til verðandi leikskólaforeldra

Þeir sem hafa hug á því að sækja um vistun fyrir barnið sitt næstu önn
janúar-júní 2016 vinsamlegast leggið inn umsókn

fyrir 20. október 2015

Hægt er að sækja um undanþágu frá 12 mánaða aldri

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast í leikskólanum og á heimasíðu
leikskólans undraland.is

Senda má umsóknina í tölvupósti á netfangið halldora@undraland.is

Gjaldskrá er aðgengileg á heimasíðu leikskólans

Vistunar- og dvalarreglur eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Með kveðju Halldóra Halldórsdóttir leikskólastjóri.



Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00





HRUNAPRESTAKALL

Af samviskufrelsi og erfidrykkjum

Kæru sveitungar. Að þessu sinni langar mig að flytja ykkur pistil um tvö óskyld mál. Annars vegar um samviskufrelsi presta og hins vegar um erfidrykkjur. Upp á síðkastið hefur töluvert verið talað um samviskufrelsi presta þegar kemur að hjónavígslum. Mér finnst of mörgum talsmönnum kirkjunnar hafa haldist heldur illa á rökum í því máli í fjölmiðlum. Auðvitað er fráleitt að tiltaka sérstaklega að prestar hafi samviskufrelsi þegar kemur að því að gefa saman samkynhneigð hjón. Það eru grímulausir fordómar og ekkert annað. Hvað myndist okkur annars um það ef tekið væri fram í greinargerð um embættis skyldur presta að þeir hefðu samviskufrelsi þegar kemur að því að skíra stúlkur eða að sérstaklega á tiltekinn hóp í okkar samfélagi er í besta falli kjánalegt að mínu mati. Síðan eru það erfidrykkjurnar eða erfiðisdrykkjurnar, eins og einn kollegi minn kallar þær, vegna þess hve erfitt er að standast kræsingarnar sem þar eru jafnan á borðum. Erfidrykkjur eru mikilvægur vettvangur fyrir fólk að hittast eftir útfararathöfn í kirkju, bæði til að votta ástvinum og fjölskyldu hins látna samúðar en líka til að efla vinabönd við samferðarfólkið. Eftir viðkvæma kveðjustund er gott að koma saman og finna hlýju og styrk í gegnum samskipti við annað fólk. Erfidrykkjan flytur nefnilega þennan mikilvæga boðskap: Lífið heldur áfram. Hefðbundnar erfidrykkjur eru kaffihlaðborð sem svigna undan kræsingum og hafa ekki brugðist hjá kvenfélagskonum í okkar prestakalli svo ég viti til. Ég hvet hins vegar okkur öll til að skoða opnum huga fleiri form af erfidrykkjum. Erfidrykkja þar sem einungis er boðið upp á kaffi og konfekt, kleinur eða pönnukökur er t.d. einfalt og gott form. Einnig má hugsa sér erfidrykkju þar sem boðið er upp á súpu og molasopa á eftir. Þá getur líka verið góður kostur að hafa erfidrykkjuna að mestu leyti standandi, með því móti má hugsa sér að fólk blandist betur en ella. Eitt form af erfidrykkju er ekki endilega betra en annað, þar ræður auðvitað smekkur fólks og aðstæður. En stundum er gott að brjóta upp hefðir þó að þær eigi sér djúpar rætur í menningunni. Erfidrykkjan er góð hefð og mikilvæg en hvað þar er á borðum má ekki vera aðalatriði – heldur hitt, að koma saman og treysta böndin. Framundan er fjölskylduguðþjónusta í Hrunakirkju sunnudaginn 25. október kl 11 og messa í Stóra Núpskirkju kl 14. Allar upplýsingar um kirkjustarfið má finna á heimasíðu prestakallsins, hruni.is.

Með blessunaróskum.

Óskar Hafsteinn Óskarsson

Hliðgrindur

Margar lengdir



Fjárvogir

Skífu



Digital



Við krankleika og....

Bolta-
byssur

Skammtasprautur

Inngjafasprautur



Við þorsta

SUEVIA

Brynningarskálar - Vatnskör



Hitapræðir

Hitapræðir með innbyggðum hitanema Kveikir á sér við +3°C slekkur á sér þegar hitastigið fer í +10°C Fæst í ýmsum lengdum.



Á lappirnar

Sokkar



Stigvél

Reið- og
vinnuskór



Allt í sláturgerðina

Hnífar, færeyjarbrýni, stálbrýni, skurðarbretti, kjótrókar, kjótmeir, kjótsög, gervivambir, hrossabjúgnalangar, bjúgnalangar, sláturgarn, bindigarn, kjötnet, vacumpokar og pulsar, fint og gróft salt, frystipokar, heimilispokar og margt fleira.

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600
landstolpi.is

Ragnar oddviti afhendir Guðrúnu skólastjóra skjal vegna samkomulags um þjófdrátt um læsi.



Grunnur nýja Límtrés hússins vel á veg kominn.



Frá undirskrift samnings við Íslenska gámafélagið um sorphirðu í Hrunamannahreppi.



Sorphirðudagatal Hrunamannahreppur 2015



Hrunamannahreppur

Litalykill:



- Grá tunna neðra svæði
- Gráa tunnan efra svæði
- Bláa Tunnan
- Heyrúlluplast

september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31


nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

Athugið að losunardagar geta breyst án fyrirvara svo sem út af veðri. Hirðing fer þá fram við fyrsta mögulega tækifæri. Ekki verður tilkynnt um þetta sérstaklega. Flúðir skiptast milli svæða eftir Litlu laxá.



Sími: 577-5757 — gamur@gamur.is



Frá Félagi eldri Hrunamanna

Opið hús verður í Félagsheimili Hrunamanna ***miðvikudaginn 21. október kl. 14:00***. Gaman væri að sjá ykkur sem flest.

Jógakennsla hefst ***fimmtudaginn 15. október kl. 10:00***.
Kennt verður í Heimalandi. Kennari Lára í Birtingaholti.
Allir velkomnir.

.....00000.....

Haukur Ingibergsson formaður LEB og Sigríður J. Guðmundsdóttir í stjórn LEB halda sameiginlegan fund með félögum eldri borgara í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Biskupstungum og Hrunamannahreppi ***miðvikudaginn 28. október kl. 14:00 í Félagsheimili Hrunamanna***.

Þau munu ræða um ýmis málefni sem snerta eldri íbúa landsins.

Bestu kveðjur,
stjórnin

Leikhúsferð

Farið verður í Þjóðleikshúsið ***laugardaginn 28. nóvember*** á sýninguna *Í hjarta Hróa hattar*. Þessi sýning hefur verið svo vinsæl að það er uppselt á allar sýningar fram í janúar.

Pantið miða hjá Gunnu S. eða Kristínu K. fyrir ***23. október***.

Vinsamlegast greiðið undirrituðum miðana í síðasta lagi ***27. okt.*** eða leggið inn á bankareikning nr. 0325-26-37752-kt.240535-3439. Miðaverð er 4050 kr.

Brottfarartími frá Flúðum auglýstur síðar.

Með kærri kveðju,

Gunna, Varmalæk; sími: 486 6621, -

Kristín, Hvammi 2; sími: 486 6640

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi **fimmtudaginn 22. okt 2015**

Athugið!! gjafakort til sölu.

Tímabantanir í síma: 863 0433.

Endilega hafið samband ef annar tími myndi henta betur.

Allir velkomnir!

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA



Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is

LAUGARVATN
fontana
Höfuðind frá landnámi

**Landgræðsla í landgræðslugirðingunni á Hrunamannaafretti
Ljós: TþJ**



Frá Íslandsmóti í minnibolta kvenna í íþróttahúsinu um sl.helgi, en þar kepptu lið allsstaðar af landinu.
Fyrsta stórmótið í endurnýjuðu íþróttahúsi.



**Skotbómulyftari
til sölu!**

Til sölu er skot-
bómulyftari JCB 526
árgerð 2004.
Keyrður 3000 tíma.
Nánari upplýsingar
gefur Hannibal í
síma: 892 2084





Smárafréttir

OKTÓBER 2015



FRÁ ÆSKULÝÐSNEFND

Hæ krakkar !! Nú förum við að huga að næsta viðburði!
Föstudaginn 30.október förum við í árlegu haustferðina okkar.

Í þetta skipti förum við í sameiningu með Logakrökkunum.

Endilega takið daginn frá.

Brottför frá Flúðum kl. 14:30 þann 30.október!

Ferðin verður auglýst nánar á Facebooksíðu Smáarakrakkar!
Að venju förum við í heimsókn á tvö hrossaræktunarbú og endum með pizzuveislu! Stoppað verður í Reykholti, á Flúðum (Verslun Strax), Sandlækjarholti og í Brautarholti.

Verð á mann: 2.000 kr innifalin rútuferð, pizza og gos.
Allir krakkar OG FORELDRAR hjartanlega velkomnir!
Skráning á smarakrakkar@gmail.com. Vinsamlegast skráið ykkur með nafn, kennitölu og BROTTFARASTAÐ!

HAUSTFUNDUR 2015

**Verður haldinn í Reiðhöllinni á Flúðum
fimmtudagskvöldið 22 október kl. 20.00**

Á dagskrá verða umræður um æskulýðsmál, mótafyrirkomulag, námskeiðahald og önnur mál sem viðkoma starfi félagsins. Farið verður yfir starfið á árinu 2015 og það sem fram undan er. Kjörið tækifæri til að koma á framfæri einhverju sem betur má fara eða koma með nýjar og ferskar hugmyndir hvornig efla megi starfið.

Hvetjum ykkur til að mæta í létt spjall yfir góðum kaffibolla

Kveðja stjórnin

Körfuboltinn!!

Næstkomandi föstudag 16. október verður 1. leikur í 2. deild karla. Leikið er gegn Njarðvík B.

Leikurinn hefst klukkan 19:15 og aðgangur er 1000 kr. Allur ágóði af sjoppu og aðgangseyri rennur til systkinanna á Reykjaflöt.

Sýnum samstöðu og fjölmennum.

Körfuboltadeildin



Íþróttafulltrúi óskast

Ungmennafélag Hrunamanna óskar eftir íþróttafulltrúa í 15% starf.

Hjá ungmennfélagi Hrunamanna eru um um 200 iðkendur í fimm deildum, blaki, fimleikum, frjálsum, körfuknattleik, knattspyrnu.

Helstu ábyrgðarsvið:

- * Skipulagning félagsstarfs í samstarfi við stjórn og deildir.
- * Samskipti og samstarf við aðra er koma að starfi með börnum og unglíngum í samfélaginu.
- * Veita stjórnnum deilda faglega ráðgjöf við, ráðningu þjálfara, reikningagerð deilda og almennan rekstur deildarinnar.
- * Aðstoðar gjaldkera aðalstjórnar við hans starf.
- * sjá um að koma starfi félagsins á framfæri til samfélagsins.

Menntunar-/og eða hæfniskröfur:

- * Reynsla af starfi með börnum og unglíngum.
- * Stjórnunarreynsla æskileg .
- * Skipulögð og fagleg vinnubrögð.
- * Almenn tölvukunnátta.
- * Frumkvæði og sjálfstæði.
- * Hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir formaður ungmennafélagsins Elsa Ingjaldsdóttir ingjaldsdottir@gmail.com og í síma 861-8660

Umsóknarfrestur er til 1.nóv 2015.

Umsóknir sendist til formanns í tölvupósti ingjaldsdottir@gmail.com merkt "Íþróttafulltrúi UmfH".

Stjórn Ungmennafélags Hrunamanna.

SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2
Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
13-14	15.20-16.20	15.20-17.40	15.30-16.45	15.30-16.45	13-14	13-14	12.40-13.40	12.40-13.40	
Íþróttaskóli 1.-2. b.	Minnibolti ka og kv	9.-10.fl. Ka.	Frjálsar 3.-6. b.	Frjálsar 3.-6. b.	Íþróttaskóli 1.-2. b.	Íþróttaskóli 1.-2. b.	Íþróttaskóli 1.-2. b.	Íþróttaskóli 1.-2. b.	
APH	CC GH	CC GH	GV	GV	GV	GV	GV	GV	
14:30-15:45	16.20-17.40	17.40-18.50	16.45-18.00	16.45-18.00	16.10-17.00	16.10-17.00	15.40-16.40	13.40-14.40	
Minnibolti ka og kv	9.-10.fl. Ka.	7.-8.fl.ka	Frjálsar 7.-10. b.	Frjálsar 7.-10. b.	Íþ.sk.3-5 ára	Íþ.sk.3-5 ára	MB.KV.	Fiml. 3.-6.b.	
CC GH	CC GH	CC GH	GV	GV	JBH	JBH		EJ	
15:45-17:15	17:40-19:00	17:40-18:50	18-19	18-19	17:10-18:30	17:10-18:30	Laus tímil	14:30-15:30	
7.-8.fl.ka	9.-10.fl. Ka.	Fiml. 3.-6.b.	Fótbolti 3.-6. b	Fótbolti 3.-6. b	7.-10.fl.kv.	7.-10.fl.kv.	Laus tímil	Fiml. 7.-10.b.	
CC GH	CC GH	EJ	GAV	GAV	MG	MG	Laus tímil	EJ	
17:15-18:15	19-20:30	18:50-20:00	19-20	19-20	18:30-20	18:30-20	Laus tímil	16:00-18	
Frjálsar 5.-6. b.	BLAK KVK	Fiml. 7.-10.b.	Fótbolti 7.-10. b	Fótbolti 7.-10. b	BLAK KVK	BLAK KVK	Laus tímil	Fjölskyldutími	
GV	GV	EJ	GAV	GAV	SÖG	SÖG	Laus tímil	15:30-16:45	
18:15-19:30	20:30-22	20:30-22	20-21:15	20-21:15	20-21:30	20-21:30	Laus tímil	16:45-18	
Frjálsar 7.-10. b.	MFLKA	MFLKA	Karlasport	Karlasport	Mfl.ka. Blak	Mfl.ka. Blak	Laus tímil	9.-10.fl.ka.	
GV	SS	SS			KGG	KGG	Laus tímil	CC GH	
19:30-21	19:30-21								
Karlar	MFLKA								
Blak	SS								
21-22.15									
Old boys Fótbolti									

Tækjasalur:
Mán-Fim:16.00-21.30
Fös: 13.00-18.00

Tækjasalur er
opin um helgar
þegar það er
mót í húsinn.
Fylgist með á
netinu!

Þjálfari	
Blak kvk	Sigurður Örn Gunnarsson
Blak kk	Kristján Geir Guðmundsson
Fimleikar	Eygló Jósepsdóttir
Frjálsar íþróttir	Guðbjörg Viðarsdóttir
Fótbolti	Guðmundur Aron Viðisson
Íþróttaskóli	Árni Þór Hilmarrson - Guðbjörg V. - Eygló J. - Jóhanna Bríet Helgadóttir
Körfbolti	Chris Caird - Margrét Guðmundsd. - Geir Helgason - Sigurður Sigurjónsson.
Old boys - Karlasport	Enginn þjálfari - greitt inn sama gjald og í sundlaug
Laus tími	Hér er hægt að sækja um tíma þegar greiðslu
Fjölskyldutími	Enginn þjálfari - greitt eins og í sund
	- börn u 16 ára þurfa að vera í fylgd með fullorðnum